

Hrarfrystihús Gunnvarar hf.
Pórarinn Ólafsson
Hnífsdalsbryggja
410 Hnífsdalur

2006030002
4803; 9310

Reykjavík, 25. apríl 2006
/--

Efni: Stækkun þorskeldis í Álftafirði og Seyðisfirði við Ísafjarðardjúp í allt að 2000 tonn á ári. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hraðfrystihússins Gunnvarar dags. 14. mars 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt stækkun þorskeldis í Álftafirði og Seyðisfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Súðavíkurrepps, dýralæknis fisksjúkdóma, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Súðavíkurreppi með bréfi dags. 31. mars 2006, dýralækni Fisksjúkdóma með bréfi dags. 27. mars 2006, Fiskistofu með bréfi dags. 4. apríl 2006, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 3. apríl, Siglingastofnun með bréfi dags. 20. mars 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. apríl 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Hraðfrystihúsinu Gunnvör með bréfi dags. 12. apríl 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að félagið hafi í dag 200 tonna starfsleyfi til þorskeldis í þremur fjörðum við Ísafjarðardjúp, í Álftafirði, Seyðisfirði og Skutulsfirði, en fiskeldi Hraðfrystihússins Gunnvarar (HG) hefur verið nær eingöngu í tveimur fyrstnefndu fjörðunum. Fyrirhugað er að auka framleiðslu HG og þarf af þeim sökum að sækja um starfsleyfi fyrir um 2000 tonna framleiðslu á ári, þ.e. 800 tonn í Seyðisfirði og 1200 tonn í Álftafirði. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi og fyrirhugaðar staðsetningar kvía séu alls 5 talsins, staðsettar um 200 m frá stórstraumsfjöru, í vestanverðum fjörðunum til að minnka líkur á tjóni vegna rekíss. Fram kemur að HG noti einungis flotsjókvíar sem eru festar niður með hlerum og þungum keðjum. Í dag séu alls 10 skjókvíar í Álftafirði, 6 kvíar eru 50m að þvermáli og 4 eru 90m að þvermáli, og í Seyðisfirði tvær 90m sjókvíar. Fyrirhugað er að fjölga um tvær 90m sjókvíar í Seyðisfirði. Fram kemur að miðað við hámarks lífmassa (25 kg/m^3) sé hægt að hafa allt að 250 tonn í einni 90m sjókví og 60 tonn í 50m sjókví.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að árlega verði reynt að koma í eldi 50-80 þúsund

áframeldisþorskum sem vegi á milli 0,8-1,8 kg í byrjun eldistíma. Fiskurinn verði fangaður villtur af nærliggjandi svæðum við Ísafjarðardjúp. Fiskurinn verði alinn í 7-20 mánuði og slátrað 3-7 kg að þyngd. Áframeldi yrði einungis í Álftafirði.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að þorskseiði af villtum uppruna, fönguð síðsumars í Ísafjarðardjúpi, ásamt þorski sem kemur úr klaki frá Hafrannsóknastofnuninni á Stað í Grindavík verði notuð í aleldi. Fram kemur að þorskurinn sé hafður í eldi í sjókvíum í u.þ.b. 20-30 mánuði. Áætluð sláturþyngd sé um 2-4 kg. Fram kemur einnig að þar sem enn sé ekki komin nothæf bóluefni í þorskeldi gagnvart helstu sjúkdómum eins og Kýlaveikisbróður og Vibrósa megi búast við 20-50% afföllum á eldisferlinum.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að allur áframeldisþorskur sé fódraður á heilum fiski, yfirleitt loðnu eða síld og hafi fódurstuðlar í áframeldinu verið á bilinu 3-4 sem þýðir að 3-4 kg af fódri þurfi til að búa til 1 kg af fiski. Fram kemur að aleldisfiskur sé fódraður á þurrfóðri og fódurstuðull í aleldi sé um 1,2 en lækki vonandi með meiri reynslu.

Fram kemur að allur eldisþorskur sé blóðgaður beint ofan í lokuð krapakör sem staðsett eru um borð í bát og þorskurinn svo fluttur í land og slægður í Súðavík. Frekari vinnsla fari svo fram í fiskvinnsluhúsnæði HG í Hnífsdal.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að öllum verulegum úrgangi, aðallega sjálfdaudum fiski, verði komið fyrir í fiskikörum sem síðan verði keyrð út í fiskmjölsverksmiðju í Bolungarvík til förgunar, rétt eins og öllum öðrum úrgangi af norðanverðum Vestfjörðum. Fram kemur að helstu mengunarþættir frá sjókvíaeldi séu lífrænn úrgangur og næringarefni frá fiski og fódri. Gera megi ráð fyrir að frá 2000 tonna þorskeldi komi 3,4 g/s af köfnunarefni, 0,5 g/s af fosfór og 0,825 g/s af svifögnum.

Eldisfiskur og -fóður. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að helstu mengunarþættir frá sjókvíaeldi séu úrgangsefni frá fiski og fódri. Lífrænn úrgangur og næringarefni fari út í umhverfið og geti haft áhrif. Fram kemur að breytingarnar geti orðið mestar á botni undir sjókvíunum þegar set safnist fyrir sem getur breytt og jafnvel eytt, samsetningu lífríkisins. Áhrifin séu staðbundin og sjókvíarnar auðfæranlegar verði breytingar á botndýralífi óæskilegar. Fram kemur að í samræmi við vöktun verði hvert eldisvæði hvílt til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á lífríkið.

Eldisbúnaður. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif af eldisbúnaði séu nær eingöngu sjónræn, en sjókvíar sjáist nokkuð vel frá landi. Fram kemur að sjókvíaþyrpingar geti einnig haft áhrif á siglingaleiðir skipa og jafnvel haft áhrif á veiðar í fjörðunum. Hins vegar hindri staðsetningar sjókvía ekki eðlilegar siglingaleiðir stærri skipa og veiðar á nytjastofnum séu óverulegar í fjörðunum nú til dags.

Strok á fiski. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að alltaf sé hætta á að fiskur sleppi í sjókvíaeldi. Sleppi þorskur úr sjókvíum megi deila um hvort það hafi neikvæð áhrif á umhverfið. Á meðan ekki sé verið að nota kynbætta eldisstofna megi gera ráð fyrir að áhrif séu engin, sérstaklega í ljósi þess að fiskurinn er nær allur af svæðinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að verið sé að vinna í nýju skipulag fyrir Súðavíkurhrepp en núgildandi skipulag nær yfir árin 1999 til 2018. Fram kemur að fyrirhugaðar breytingar á fiskeldisstarfseminni verði sennilega kynntar í aðalskipulagsáætluninni sem nú er í vinnslu.

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila verður eftirfarandi aðgerðum beitt til að takmarka möguleg neikvæð áhrif eldisins:

-Öllum úrgangi verði haldið í lágmarki. Allar fóðurleyfar og dauður fiskur verði fjarlægður mjög reglulega úr sjókvíum og fluttur af svæðinu.

-Framleiðsla á svæðinu verði mjög hófleg og ekki farið út í fulla framleiðslu fyrr en nánari rannsóknir liggi fyrir.

-Sjókvíum verði raðað upp þvert á straumastefnu og þannig dreifist úrgangur betur um svæðið.

-Einungis verði notast við viðurkenndan eldisbúnað sem stenst kröfuharða gæðastaðla.

-Þau svæði sem geti safnað seti verði sniðgengin og reynt verði að staðsetja sjókvíar þannig að líkur á alvarlegu botnseti séu hverfandi.

-Fylgst verði reglulega með botni og samsetningu botnlífs undir sjókvíum. Samið verði við eftirlitsaðila til að annast reglubundnar mælingar.

-Ekki verði farið í heilsárs þorskeldi á svæðum innan við innri þröskuld, einungis verði stundað skiptiældi hluta af árinu á þeim svæðum.

-Þegar framleiðsla verði komin á fullt verði nokkur svæði hvíld eftir hverja eldislotu. Þannig nái svæðin að jafna sig eftir uppsöfnun úrgangs- og næringarefna.

-Fóðrun verði framkvæmd af bátum með fóðurbyssu en ekki með sjálfvirkum fóðrurum en þannig megi minnka fóðurtap ásamt því að draga úr sjónmengun.

Framkvæmdaraðili telur að fyrirhugaðar þorskeldisframkvæmdir í Álftafirði og Seyðisfirði muni ekki hafa nein neikvæð áhrif í för með sér ef undan er skilin meint sjónmengun eldisbúnaðar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Allir umsagnaraðilar telja að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á siglingaleiðir. Siglingastofnun tekur undir í umsögn sinni að huga þurfi vel að siglingaleiðum áður en kvíar verða staðsettar á svæði D utan við Súðavíkurhöfn.

Áhrif á villta fiskstofna. Dýralæknir fisksjúkdóma telur að þorskeldi af þessari stærðargráðu hafi engin neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í vistkerfi fjarða Ísafjarðardjúps.

Umhverfisstofnun telur að þar sem þéttleiki í sjókvíum sé mikill sé alltaf viss hætta á því að sjúkdómar geti breiðst hratt út í sjálfu fiskeldinu og hugsanlega einnig haft áhrif á villta stofna. Vegna sjúkdómahættu og hættu á erfðablöndun verði að mati Umhverfisstofnunar að fylgjast með lífríki fjarðanna, Álftafjarðar og Seyðisfjarðar, til að athuga hvort fiskeldi í þeim hafi áhrif á náttúrulega stofna.

Í svari HG er bent á að dýralæknir fisksjúkdóma sé á öndverðu meiði við skoðun Umhverfisstofnunar. Í þorskeldi HG hafi komið upp margvíslegir sjúkdómar en samt er ekki sjálfgefið að þeir berist á milli sjókvía þrátt fyrir að bilið á milli þeirra séu innan við 100 metrar.

Áhrif á botndýralíf. Hafrannsóknastofnunin telur ákveðnar líkur á að fram komi staðbundin áhrif á botndýralíf undir kvíum við það að lífrænar leifar, einkum fóðurleifar, safnist fyrir en þau áhrif séu afturkræf.

Hætta á erfðamengun. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem aleldisstofninn frá Hafrannsóknastofnuninni sé ekki af svæðinu við Ísafjarðardjúp valdi notkun hans hættu á erfðablöndun við villtan þorskstofn á svæðinu. Umhverfisstofnun telji því mikilvægt að koma í veg fyrir að þorskeldi hafi neikvæð áhrif á villta þorskstofna með erfðamengun.

Í svari framkvæmdaraðila er bent á að ekki séu allir sammála um neikvæða þætti slíkrar erfðablöndunar sem taldir eru valda svokallaðri „erfðamengun” þ.á.m. virtir erfðasérfræðingar. Þess megi geta að 0-grúppu þorskseiði í Ísafjarðardjúpi eru talin a.m.k. að hluta til hafa komið úr klaki við suðurströnd Íslands og rekið inn í Ísafjarðardjúp. Ef notast verði við kynbættan þorsk þá verði það fiskur sem farið hefur í gegnum hefðbundnar kynbætur með hefðbundnu vali.

Heilnæmiskönnun. Fiskistofa bendir á að í einhverjum tilvikum hafi verið framkvæmd heilnæmiskönnun á tilteknum hafsvæðum við landið. Tilgangur slíkrar könnunar sé að sannreyna hvort viðkomandi hafsvæði uppfylli skilyrði sem sett eru í lögum og reglum um skelfiskveiðar. Þessar upplýsingar telji Fiskistofa gata skipt máli við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, en heilnæmiskönnun hafi ekki farið fram fyrir umrædda firði.

Í svari HG er bent á að skrýtið megi teljast að sérfræðingar Hafrannsóknarstofnunar minnst ekki á slíkar kannanir í sinni umsögn ef slíkar heilnæmiskannanir hafa farið fram hér við land vegna fiskveiða eða fiskeldis.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða aukningu á þorskeldi í Álftafirði í allt að 1200 t og í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi í allt að 800 tonn á ári. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Í umsögnum hefur komið fram að með tilliti til eldisfyrirkomulags, dreifingu mengunar og staðsetningar kvíanna í Álftafirði og Seyðisfirði, verði að teljast ólíklegt að fyrirhugað þorskeldi hafi skaðleg áhrif á umhverfi eða lífríki fjarðanna nema á botndýralíf á afmörkuðu svæði. Umhverfisstofnun bendir á almenna hættu á útbreiðslu sjúkdóma vegna þéttleika í sjókvíum og að í þessu tilviki sé einnig hættu á erfðablöndun þar sem aleldisstofninn sé ekki allur af svæðinu við Ísafjarðardjúp. Dýralæknir fisksjúkdóma telur hins vegar að þorskeldi af umræddri stærðargráðu hafi engin neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskstofna sem fyrir eru í vistkerfi Ísafjarðardjúps.

Umhverfisstofnun telur að þar sem um sé að ræða starfsleyfisskylda framkvæmd megi haga vöktun á rekstri sjókvíaeldisins á þann hátt að ef í ljós komi að fyrirhugað fiskeldi valdi meiri áhrifum á umhverfið en gert er ráð fyrir megi koma í veg fyrir varanlegan skaða.

Skipulagsstofnun telur að með þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili leggur fram til að takmarka áhrif fyrirhugaðs fiskeldis m.a. á botndýralíf og að um starfsleyfisskylda framkvæmd er að ræða, hafi framkvæmdin ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hraðfrystihússins Gunnvarar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hraðfrystihússins Gunnvarar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 2000 tonna þorskeldi í Álftafirði og Seyðisfirði við Ísafjarðardjúp sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif

og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að verði kvíarnar eða önnur mannvirki tengd framkvæmdinni innan netlaga þarf það að vera í samræmi við aðalskipulag og að fengnu framkvæmdaleyfi Súðavíkurhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Fyrirhugað þorskeldi er að öðru leyti háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi Fiskistofu samkvæmt lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. maí 2006.

Þóroddur Fr. Þóroddsson

Rúnar Dýrmundur Bjarnason

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Súðavíkurhreppur, Dýralæknir fisksjúkdóma, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun, Umhverfisstofnun.